

SKILYRÐI B

VIÐAUKI A – Sátt Samkeppniseftirlitsins og Ferðaskrifstofu Íslands ehf. vegna samruna Ferðaskrifstofu Íslands ehf. og Heimsferða ehf.

Kaup Ferðaskrifstofu Íslands ehf. (hér eftir FÍ) á öllum rekstri Heimsferða ehf. fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið og FÍ hafa gert með sér eftirfarandi sátt samkvæmt 17. gr. f. samkeppnislaga. Í henni felst að FÍ skuldbindur sig til að hlíta eftirfarandi skilyrðum í starfsemi sinni, sbr. einnig 17. gr. c. samkeppnislaga.

I. kafli. Almenn ákvæði

1. gr.

Þörf á íhlutun

Að óbreyttu raskar samruni þessa máls virkri samkeppni. Því er nauðsynlegt að grípa til íhlutunar sem að lögum getur falið í sér ógildingu hans eða setningu skilyrða. Samkeppniseftirlitið og FÍ eru sammála um að unnt sé í þessu máli að vinna gegn skaðlegum áhrifum samrunans með setningu skuldbindandi skilyrða.

2. gr.

Markmið og meginnefni skilyrða

Markmið sáttarinnar, og þeirra skilyrða sem í henni felast, er að efla og vernda virka samkeppni á þeim mörkuðum sem samruninn nær til. Er skilyrðunum einkum ætlað að tryggja að FÍ beiti ekki sterkri stöðu sinni á markaðnum fyrir sölu innlendra ferðaskrifstofa á pakkaferðum til sólarlanda, og eftir atvikum tengdum mörkuðum. Til að ná þessu markmiði hafa þau fyrirmæli sem fram koma í sátt þessari eftirfarandi megingang:

- a. Að bregðast við þeirri röskun á samkeppni sem felst í því að Heimsferðir eru ekki lengur keppinatur á markaði fyrir sölu innlendra ferðaskrifstofa á pakkaferðum til sólarlanda.
- b. Að vernda og efla samkeppni á markaði fyrir sölu stakra flugsæta og pakkaferða til einstaklinga.
- c. Að vinna gegn skaðlegum áhrifum af eignarhaldi eiganda FÍ í Icelandair hf.

II. kafli.

Aðgerðir til eflingar samkeppni í sölu á pakkaferðum til sólarlanda

3. gr.

Sala Sumarferða ehf.

Fyrir undirritun sáttar þessarar hefur FÍ sett vörumerkið Sumarferðir í sjálfstætt félag (félagið), Sumarferðir ehf. og unnið að sölu félagsins eins og nánar greinir í ákvæði þessu. Félagið skal selt til óháðra aðila á markaði fyrir sölu innlendra ferðaskrifstofa í sölu á pakkaferðum. Áfram skal unnið að því á næstu [REDACTED]. Með óháðum aðila er vísað til aðila sem er ótengdur eigendum FÍ. Þær eignir sem skulu lagðar til félagsins verða að lágmarki:

- a. Vörumerkið Sumarferðir, lénið www.sumarferdir.is og réttindi yfir því.
- b. Gögn og upplýsingar úr bókunarkerfum og öðrum tölvukerfum seljanda sem notuð hafa verið í rekstrinum og hægt er að yfirfara til kaupanda. Til frekari skýringar er hér átt við gögn og upplýsingar úr kerfum, en ekki aðgang að eða rétt til notkunar slíkra kerfa, en aðgangur seljanda að kerfunum byggist á samningum hans við þriðju aðila sem kaupandi yfirtekur ekki við viðskiptin.

Þá skal eftirfarandi fylgja með í kaupunum, nema kaupandi afþakki

- c. Allt lausafé sem tengist starfsemi Sumarferða sérstaklega, þ.m.t. merkingar, gögn úr tölvukerfum og skjáir, ásamt öðru sem nauðsynlegt er fyrir rekstur ferðaskrifstofu.
- d. Viðskiptasambönd við auglýsingastofur sem kunna að hafa séð um að útbúa markaðsefnið og halda við síðum eða aðgangi Sumarferða á samfélagsmiðlum.
- e. Samningur við FÍ um kaup á stökum flugsætum og/eða pakkaferðum í heildsölu.

4. gr.

Kröfur til kaupanda Sumarferða

Tilgangur með sölu á Sumarferðum er að efla samkeppni. Sumarferðir skulu því seldar til aðila sem er til þess fallinn og líklegur til að veita FÍ og öðrum keppinautum samkeppnislegt aðhald. Að lágmarki verður kaupandinn að búa yfir nægjanlegri þekkingu, fjárhagsstyrk og hvata til þess að líklegt sé að hann geti til bæði skemmri og lengri tíma veitt keppinautum samkeppnislegt aðhald.

Til viðbótar má sala til viðkomandi kaupanda ekki skapa samkeppnisleg vandamál, s.s. ef kaupandi er mikilvægur birgir FÍ.

5. gr.

Sölutímabil

FÍ skal hafa forræði á sölu félagsins á sölutímabili sem skal standa yfir í að hámarki [REDACTED]. Fresturinn byrjar að líða þegar sátt þessi hefur verið undirrituð.

6. gr.

Ef ekki tekst að selja Sumarferðir

Nú tekst FÍ ekki að selja Sumarferðir innan þess frests sem kveðið er á um í 5. gr. sáttarinnar [REDACTED]

[REDACTED].

7. gr.

Skuldbindingar FÍ vegna hinna seldu eigna

FÍ skal ekki, áður en sala Sumarferða fer fram, grípa til aðgerða í því skyni eða sem eru til þess fallnar að hafa neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu, verðmæti eða seljanleika hins selda.

Skal FÍ aðgreina rekstur þeirra eigna sem taldar eru upp í 3. gr. sáttarinnar við undirritun hennar og halda sérstakt bókhald fyrir þær, bæði fyrir stofn- og rekstrarkostnað, sem kynna má fyrir væntanlegum kaupendum og tryggja að reksturinn sé aðgreindur og í eðlilegu horfi.

[REDACTED]
[REDACTED]
[REDACTED]
[REDACTED]

III. kafli

Aukið aðgengi að sjálfstæðri framleiðslu FÍ

8. gr.

Aukið aðgengi að heildsölu flugsæta

FÍ skal selja þeim endurseljendum sem eftir því leita flugsæti í heildsölu á viðskiptalegum grunni enda sé um að ræða aðila á markaði fyrir sölu innlendra ferðaskrifstofa á pakkaferðum. Söluskylda FÍ nær ekki til Ferðaskrifstofunnar VITA, sem er dótturfélag Icelandair hf.

FÍ skal gæta jafnræðis og hlutlægni gagnvart þeim aðilum sem kaupa stök flugsæti af félaginu í heildsölu (e. fair and non-discriminatory terms) á grundvelli þessa ákvæðis.

FÍ er heimilt að krefjast greiðslu áður en flugferð er farin og gera aðrar málefnalegar kröfur til viðskiptavina og setja skilmála s.s. varðandi tryggingar, afpantanir, bókanir, sætisframboð o.fl.

Heildsöluverð FÍ, við sölu á flugsætum sem félagið framleiðir með sjálfstæðum hætti, til keppinauta sinna skal vera á viðskiptalegum grunni og þannig að þeim sé gert kleift að keppa við FÍ við sölu afurða til þeirra áfangastaða sem í boði eru hverju sinni. Heildsöluverð skal miða við allan kostnað við að selja flugsæti, þ.m.t. útreiknað innkaupsverð á flugsætum frá því flugfélagi sem framkvæmir flugið hverju sinni, að teknu tilliti til áhættuþáttta, s.s. gengisbreytinga og breytinga á eldsneytisverði. Þessu til viðbótar bætist við allur sannanlegur kostnaður FÍ við umsjón flugsins vegna heildsölu til þess viðskiptamanns sem um ræðir hverju sinni. FÍ er heimilt að hafa mismunandi verð fyrir stök viðskipti annars vegar og föst viðskipti hins vegar en í því tilviki skal

mismunur þar á svara til sannanlegs kostnaðarlegs hagræðis af ólíkum tegundum viðskipta. Allir almennir viðskiptaskilmálar sem gilda um þessi heildsöluviðskipti, aðrir en verð, skulu aðgengilegir á vefsíðu FÍ.

FÍ er því óheimilt að beita keppinauta sína við sölu flugsæta sem það framleiðir sjálft, verðþrýstingi (e. Margin squeeze).

9. gr.

Heildsölutengiliður FÍ

Sérstaklega tilnefndum starfsmanni FÍ skal falið að annast samskipti við endurseljendur vegna heildsöluviðskipta og vera tengiliður við hugsanlega viðskiptavini. Þeim tengilið er óheimilt að veita öðrum, þ.m.t. stjórnarmönnum og eigendum félagsins viðkvæmar viðskiptaupplýsingar einstakra endurseljenda, sem eiga í samkeppni við FÍ í sölu á pakkaferðum. Tryggja skal fullan trúnað um slíkar upplýsingar um viðskipti félagsins við endurseljendur.

Tengiliðnum skal heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga til þess að geta gert endurseljendum tilboð í viðskipti og upplýsa þá starfsmenn FÍ sem annast afgreiðslu viðskiptavina um viðskiptin eftir að þau hafa komist á.

Skal FÍ útbúa starfslýsingu fyrir tengilið þar sem a.m.k. er mælt fyrir um eftirfarandi:

- a. Trúverðuga verkferla og úrræði sem gera tengilið skyld og kleift að starfa í samræmi við markmið þessarar sáttar.
- b. Trúverðuga verkferla og úrræði sem tryggja að viðkvæmar upplýsingar frá endurseljendum, sem eiga í samkeppni við FÍ, berist ekki til annarra starfsmanna FÍ.
- c. Að tengilið sé gert ljóst að brot á fyrirmælum sáttarinnar geti varðað FÍ viðurlögum og eftir atvikum brottrekstri hans.
- d. Yfirlýsingu, sem tengiliður skal undirrita, þar sem hann skuldbindur sig til þess að gæta að trúnaði og starfa í samræmi við fyrirmæli sáttarinnar.

10. gr.

Smásala á stökum flugsætum

FÍ skuldbindur sig til að hafa í vöruframboði sínu stök flugsæti til sölu til almennra neytenda á helstu áfangastöðum sínum, þar sem flogið er í loftfari á vegum þess. Fjöldi þeirra fer eftir eftirspurn á hverjum tíma.

IV. kafli

11. gr.

Eignarhald Sólvallar ehf. á hlutafé í Icelandair hf.

Sólvelli ehf., sem er eigandi að hlutafé í Icelandair hf., er óheimilt að beita atkvæðisrétti á aðal- og hluthafafundum Icelandair hvað eignarhlutinn varðar. Einnig er forsvarsmanni Sólvallar ehf.,

Pálma Haraldssyni og aðilum honum tengdum, óheimilt að setjast í stjórn Icelandair hf., hafa nokkur afskipti af rekstri Icelandair hf. eða afla viðkvæmra upplýsinga um reksturinn í krafti hlutafjáreignar sinnar.

Með aðilum honum tengdum er átt við eiginkonu hans og niðja, maka þeirra og aðila sem eru skyldir þessum aðilum eða mægðir, þ.e. í beinan legg eða til hliðar.

**12. gr.
Endurskoðun**

Sátt þessi skal koma til endurskoðunar þegar liðin eru tólf mánuðir frá gerð hennar, hafi rökstutt erindi borist frá FÍ vegna frekari breytinga á markaðsaðstæðum.

13. gr.

Yfirlýsing:

FÍ skal tryggja að stjórn og starfsmenn félagsins þekki markmið og efni þessarar sáttar og skuldbindi sig til þess að starfa eftir henni. Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í sátt þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislagra. Sátt þessi tekur til FÍ og þeirra fyrirtækja sem FÍ kann að ráða yfir.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson